

Mánudaginn hinn 2. nóvembermán.

Nr. 1/1903:

Páll Bjarnarson

gegn

Þorleifi presti Jónssyni.

D ó m u r:

Í 33. tölubl. »Bjarka«, VI. árg., sem út kom 3. sept. 1901, stendur grein með fyrirsögninni »Kílsness-strandið«, dags. að Sigurðarstöðum 22. ágúst 1901 með nafninu Páll Bjarnarson undir, enda er það viðurkent, að hún sé rituð af áfrýjanda. Í grein þessari segir svo um stefnda, Þorleif Jónsson prest á Skinnastöðum: »Því séra Þorleifur Jónsson er bæði mannorðs og munarþjófur. Eg nefni hann hinu fyrra nafni, af því, að hann hefir logið því í 2 háttstandandi menn suður á landi, að séra Halldór bróðir minn væri sauðarþjófur, og spunnið upp sögu um það; en því kalla eg hann munarþjóf, að hann hefir stolið frá Presthólakirkju gömlum forngrip, skírnarfati einu, og selt sjálfum sér til inntektar, og á sama hátt mun hann hafa stolið skírnarfati Garðskirkju«. Biskupinn yfir Íslandi skipaði Þorleifi presti með 2 bréfum, dags. 20. sept. 1901 og 31. des. s. á., að hrinda af sér illmæli þessu með málssókn og dómi, og samkvæmt því höfðaði séra Þorleifur mál þetta fyrir gestarétti Þingeyjarsýslu gegn Páli bónda Bjarnarsyni á Sigurðarstöðum, og var málið dæmt í nefndum rétti 8. ágúst f. á. á þá leið, að cand. phil. Páll bóndi Bjarnarson var dæmdur til að

greiða 300 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 90 daga, ef sektin eigi greiddist á ákveðnum tíma; hin átöldu ummæli, sem að framman eru tilgreind, voru dæmd dauð og ómerk, og loks var Páll Bjarnarson dæmdur til að greiða allan málskostnað í héraði, eins og sökin væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sækjanda í héraði, Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar á Sandhólum, 12 kr.

Þessum dómi hefir cand. phil. Páll bóndi Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, út. 3. jan. þ. á., og hefir hann, eftir að kröfu hans snertandi formhlið málsins, um frávisun þess frá undirréttinum, var hrundið með úrskurði réttarins, krafist þess með tilliti til aðalefnis sakarinnar, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum séra Þorleifs, og að honum (áfrýjanda) verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirréttinum. Stefndi Þorleifur prestur Jónsson, sem hefir fengið gjafvörn og skipaðan málsvarnarmann fyrir yfirdómi, hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verði að öllu leyti staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Umboðsmaður áfrýjanda hefir síðar undir rekstri málsins krafist þess, að fá 3 mánaða frest til þess að láta staðfesta framlögð vottorð, eða frest, sem rétturinn álitur hæfilega langan, en gegn mótmælum málsfærslumanns stefnda getur enginn slíkur frestur orðið veittur, með því að

annarsvegar staðfesting umgetinna vottorða eigi getur haft neina þýðingu fyrir úrslit málsins, og hins vegar hefir áfrýjandi síðan mál þetta hófst haft yfirfljótanlegan tíma til að gjöra mál sitt svo úr garði, að við það ætti að mega hlita. Það verður því nú að dæma um aðalefni málsins.

Hin tilgreinda klausa í Bjarka-blaðgreininni er stórlega ærumeidandi og svívirðandi fyrir stefnda, sem er prestur í þjóðkirkjuembætti, þar sem honum er borið það á brýn, að hann hafi með lognum rógburði »stolið« mannorði tilgreinds manns, og að hann hafi stolið 2 gripum frá 2 tilnefndum kirkjum, sínum frá hvorri, og að hann hafi gjört þetta til að auðga sjálfan sig. Að því leyti áfrýjandi hefir leitast við að rökstyðja þessar gifurlegu sakargiftir, einkanlega að því er annan kirkjugripinn (skírnarfat Presthólakirkju) snertir, þá eru varnir hans í því efni alveg þýðingarlausar og ekkert mark á þeim takandi. Það er því rétt, að héraðsdómarinn hefir dæmt hin átöldu ummæli dauð og ómerk og sektað áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin eigi ofhátt ákveðin af héraðsdómaranum 300 krónur samkvæmt 218. gr. sbr. 217. og 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Með því að yfirrétturinn einnig felst á ákvæði undirréttardómsins um málskostnað, skal dómur þessi staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málflytningmanns stefnda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 25 krónur.

Að því leyti málið hefir verið rekið með gjafsóknarleyfi vottast, að rekstur þess í héraði hefir verið vítalaus og málsvörnin fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi cand. phil. Páll Bjarnarson greiði málfutningslaun hins skipaða málsfærslumanns stefnda fyrir yfirdómi Odds Gíslasonar málsfærslumanns, 25 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 10/1903:

Halldór Bjarnarson
geggn

Ásgrími Magnússyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn Halldór Bjarnarson prestur á Presthólum og stefndi Ásgrímur barnakennari Magnússon gjörðu að Presthólum 14. júní 1897 svofeldan skriflegan samning með sér, að Ásgrímur lofaði að vera í kaupavinnu hjá Halldóri presti hina næstu 3 mánuðina eða hjá Páli bróðir prests á Sigurðarstöðum, og færi svo, að Ásgrímur fengi eigi atvinnu við verzlun Otto Tulinusar, skyldi hann verða ársmaður hjá þeim bræðrum við alla venjulega vinnu, að undanteknum